

lánsins, sem kynni að verða framyfir helminginn af söluverði hússins, einsog það yrði á- 118
kveðið með löglegri virðingargjörð. 22. okt.

Konunglegt leyfisbrjef (ad mandatum) til ættleiðingar. — Með brjefi þessu er 119
forstöðumanni prestaskólans í Reykjavík, lector theologiæ Sigurði Melsted, og konu hans 22. okt.
frú Ástríði Melsted, leyft að ættleiða stúlkuna Ragnheiði, dóttur fyrrum prests að Kálfholti,
sjera Stefáns Thordersen, og konu hans frú Sigríðar Thordersen, þannig að nefnd stúlka
skuli í öllu tilliti álitast sem ættleiðendanna eigið barn, og bera ættarnafnið Melsted.

(Gefið út af landshöfðingjanum)

Skýrsla

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 1. og 2. dag ágústm. 1884. 120

Ár 1884, 1. ágúst var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur
á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Júlíus Havsteen, með amtsráðsmönnum
Einari umbodsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benedikt umbodsmanni Blöndal í Hvammi.

Í tilefni af amtsráðskosningum þeim, sem voru nýafstaðnar, skýrði forseti frá
því, að að vísu hefðu eigi verið svo margir á sýslunefndarfundum í Suður- og Norður-
þingeyjarsýslu, er kosið var í amtsráðið, og gjört er ráð fyrir í 34. gr. sveitarstjórnar-
tilskipunarinnar, en sýslunefndarmenn þeir, sem á fundi voru, höfðu samt ráðið af
að kjósa.

Þótt nú sje svo að orði komizt í nefndri lagagrein, að þegar gjöra skuli ein-
hverja ályktun, þá útheimtist til þessa, að við sje staddur meiri hluti nefndarinnar, þá
getur þetta eigi náð til amtsráðskosninga, því kosning til amtsráðs er eigi nein ályktun
sýslunefndar í heild sinni, heldur kys hver nefndarmaður útaf fyrir sig og er atkvæði
hans innfært í gjörðabókina, enda er svo fyrir mælt í 46. gr. sveitarstjórnartilsk., að
sjerhver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, greiði atkvæði. Amtsráðið ályktaði því, að
hinar framfögnu kosningar væru lögmetar.

Mál þau, er til umræðu komu á fundinum, voru þessi:

1. Forseti skýrði frá, að nú væri komið til tals, að gjöra ráðstöfun um kennslu dauf-
dumbs drengs nokkurs, Pjeturs Bjarnasonar, sem framfærast af sveitarfje og á sveit
í Þverárhrepp í Húnavatnssýslu. Samkvæmt því, sem amtsráðið áður hafði álitit,
sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 31. maí og 1. júní 1883 (Stjórnartíðindi 1883,
B, bls. 90) og skýrslur um fund þess 24. okt. 1883 (Stjórnartíðindi 1884, B, bls.
52), ályktaði ráðið, að koma skyldi dreng þessum til kennslu hjá sjera Páli Páls-
syni á Þingmúla, þegar hann væri búinn að ná lögboðnum aldri. Auk þess, sem
það er í alla staði heppilegra, að heyrnar- og málleysingjar fái kennslu á íslenzku
hjer á landi, en í Danmörku, er kennslutíminn hjá sjera Páli eigi nema 5 til 6 ár,
en í Kaupmannahöfn er hann allt að því 8 ár, og er meðgjöfin hjer um bil hin
sama, í Kaupmannahöfn hjer um bil 280 kr. á ári, en hjá sjera Páli 300 kr., en
af því er nokkur von um að landssjóður greiði hin eiginlegu kennslulaun (40
kr. árlega), samkvæmt brjefi landshöfðingja 17. maí 1884 (Stjórnartíðindi, B, bls.
103), sem var framlagt.
2. Sýslumennirnir í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu hafa hvor um sig beðið um
samþykki amtsráðsins til þess að mega jafna niður til sýslusjóðs 20 aurum á hvert
lausafjár- og fasteignarhundrað. Orsökinn til þess, að þurfa skuli að leggja svo hátt